



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 14. október 2024
2410416/005.05 IA

Efni: Lántökur Kópavogsbæjar 2022-2024

Fyrirspurn:

Undirritaðar óska eftir að lagðar verði fyrir bæjarráð upplýsingar um lántökur bæjarins (skammtíma og langtíma) frá upphafi kjörtímabilsins til dagsins í dag ásamt upplýsingum um uppgreiðslur lána, afborganir, vaxtakjör og upphæðir greiddra vaxta- og verðtryggingar. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um áætlaðar lántökur næsta árs.

Yfirlit

Við þessa samantekt er einungis litið til lántöku sem gerð er með formlegum skuldaskjölum, ekki er litið til breytinga á skuldbindingum s.s. vegna dómsmála eða lífeyrisskuldbindingar.

Frá byrjun árs 2022 til 30. September síðastliðinn voru lántökur og uppgreiðslur bæjarins sem hér segir:

	Lántökur	Afborganir	Athugasemdir
Árið 2022	0	2.428.021.617	
árið 2023	3.930.000.000	2.781.941.908	Í lántökum hér er 1.500 m.kr. Lán með gjalddaga í byrjun árs 2024
árið 2023	3.645.000.000	3.645.000.000	Framlenging á óverðtr.lánum hjá Íslandsbanka með gjalddaga 2028
árið 2024	3.555.000.000	4.385.712.101	Hér inni er 1.000 m.kr. lán sem tekið var í febrúar og greitt upp í júlí
Samtals	11.130.000.000	13.240.675.626	
Afborganir umfram lántökur:		2.110.675.626	



Lántökur hvers árs og kjör lána voru eftirfarandi:

Lántaka 2023:

- 1.500.000.000 Lánasjóður sveitarfélaga til 17 ára, vextir 3,05% verðtryggt
- 930.000.000 Lánasjóður sveitarfélaga til 17 ára, vextir 3,12% verðtryggt
- 1.500.000.000 Lánasjóður sveitarfélaga til 6 mánaða, vextir 11,48% (álag á 6m.REIBOR)

Framlenging 2023:

- 3.645.000.000 Íslandsbanki til 5 ára. Vextir Kjörvextir með 1% frádragi (mínus álagi).
að auki lántökugjald (0,1%) og skjalagerð.

Lántaka 2024:

- 2.555.000.000 KOP24, til 31 árs, vextir 3,25% verðtryggt. Ávöxtunarkrafa 3,50%
- 1.000.000.000 Íslandsbanki til 5 mánaða. Vextir Kjörvextir með 1% frádragi (mínus álagi).
að auki lántökugjald (0,1%) og skjalagerð.

Lántaka 2025

Þar sem fjárhagsáætlun ársins 2025 er ekki tilbúin og samþykkt er ekki endanlega ljóst hver er lántökuþörf á árinu 2025. Sé hinsvegar horft til þriggja ára áætlunar sem samþykkt var í lok árs 2023, þá var lánsfjáruþörf ársins 2025 metin sem 4.500 m.kr. Í þeirri áætlun var ekki gert ráð fyrir að hugsanlega yrði komin niðurstaða í dómsmálið vegna Vatnsenda, en hún mun leiða til þess að fjárútlát verða meiri en áður var áætlað. Einnig er rétt að hafa í huga að ekki hefur verið áætlað nema að hluta fyrir innstreymi fjár vegna lóðaúthlutana, en að lántökuþörf minnkar með auknu innstreymi fjár vegna lóðaúthlutana.

Bókfærð vaxtagjöld og verðbætur:

Á árinu 2022	3.359.574.000	Ársreikningur	
þar af verðbætur	2.261.663.000	Ársreikningur	Þetta eru ógreiddar áfallnar verðbætur ársins.
Á árinu 2023	3.460.056.000	Ársreikningur	
þar af verðbætur	1.988.984.000	Ársreikningur	Þetta eru ógreiddar áfallnar verðbætur ársins.
Á árinu 2024	2.419.689.747	Til 30. sept 2024	ATH að hér er um tölu að ræða beint úr NAV
			bókhaldi meðan hinar eru úr endurskoðuðum ársreikningi
þ.a.verðbætur	1.114.151.992	Með fyrirvara um endanlegt uppgjör	

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri